

H.3	<i>Sumarhúsaheimtaugar</i>	
	Málstraumur	Heimtaugagjöld kr.
	35 A 1-fasa	193.000
	35 A 3-fasa	213.000

3.2 *Mælaleiga.*

Mælaleiga er innifalin í raforkuverðum skv. töxtum. Sjá nánari skilgreiningu í A-hluta gjaldskrár. Fyrir mælitæki til annarra nota er ársleiga sem hér segir:

	kr.
M.1 Orkumælir, einfasa	784
M.2 Orkumælir, þrífasa	3.100
M.3 Orkumælir, þrífasa með straumspennum	5.240
M.4 Aflmælir	5.240
M.5 Aflmælir með straumspennum	7.840
M.6 Tvígjaldsorkumælir	5.040
M.7 Tvígjaldsorkumælir með straumspennum	7.700
M.8 Fjarstýriliði	3.480
M.9 Púlsmagnari	5.240

3.3 *Tengigjald.*

Tengigjald vegna skammtímanotkunar	5.510
Álag vegna tenginga utan dagvinnutíma 55%.	

3.4 *Álestrargjald.*

Gjald vegna aukaálestrar hjá notanda	1.100
--	-------

3.5 *Innheimtugjald.*

Innheimtugjald vegna vanskila notanda	837
Gjald vegna stöðvunar orkuafhendingar	1.260

Gjaldskrá þessi (B-HLUTI: Raforkugjöld og önnur gjöld) staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15/1923 og orkulögum nr. 58/1967, sbr. reglugerð Rafmagnsveitu Reykjavíkur nr. 451/1977, með síðari breytingum, til að öðlast gildi 6. júní 1997 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 12 10. janúar 1994 með áorðnum breytingum.

Iðnaðarráðuneytinu, 10. júní 1997.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

Steinunn Bjarman.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 533/1993
um kæli- og varmadælukerfi með ósoneyðandi kælimiðlum.

1. gr.

5. gr. reglugerðarinnar orðast svo ásamt fyrirögn:

Þrýsti- og lekaprófanir.

Óheimilt er að nota CFC-, HCFC-kælimiðla eða halóna við þrýsti- og lekaprófanir á kerfum eða kerfishlutum.

2. gr.

7. gr. reglugerðarinnar orðast svo ásamt fyrirsögn:

Val á kælimiðlum.

Óheimilt er að setja upp ný kerfi með CFC-, HCFC-kælimiðlum eða halónum.

Við meiri háttar breytingar og viðgerðir á eldri kerfum með CFC-kælimiðlum og með kælimiðlinum HCFC-22 (díklórflúormetan) skal skipta yfir í kælimiðil sem hefur engin eða óveruleg ósoneyðandi áhrif ($ODP < 0.04$). Meiri háttar breyting telst t.d. vera flutningur á hluta kerfis, svo sem þjöppu eða eimi úr einu rými í annað. Stærri viðgerðir eru t.d. skipti á þjöppu, eimsvala eða eimi.

3. gr.

13. gr. reglugerðarinnar orðast svo ásamt fyrirsögn:

Lekaskynjarar.

Öll nýsmíðuð kælikerfi, með kælimiðlismagn yfir 70 kg, skulu hafa sjálfvirkan búnað sem gefur það þegar í stað til kynna ef kælimiðill byrjar að leka af kerfinu. Öll eldri kælikerfi með kælimiðlismagn yfir 70 kg skulu koma samskonar búnaði upp ekki seinna en einu ári frá gildistöku reglugerðar þessarar.

4. gr.

18. gr. reglugerðarinnar orðast svo ásamt fyrirsögn:

Skráning kæli- og varmadælukerfa.

Sérhvert fyrirtæki eða atvinnurekstur sem hefur yfir að ráða kæli- og varmadælukerfi með samanlagða kælimiðilsfyllingu yfir 30 kg skal fylla út þar til gerð eyðublöð um rekstur kerfanna sem Hollustuvernd ríkisins lætur í té og senda eftirlitsaðila fyrir 1. mars ár hvert fyrir árið á undan. Staðfesting Hollustuverndar ríkisins fyrir móttöku eyðublaðsins skal liggja fyrir hjá Siglingastofnun Íslands áður en haffærisskírteini er veitt hverju sinni og skal dagsetning hennar ekki vera eldri en eins árs.

5. gr.

23. gr. reglugerðarinnar orðast svo ásamt fyrirsögn:

Eftirlitsaðilar.

Hollustuvernd ríkisins hefur yfirumsjón með framkvæmd reglugerðar þessarar. Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga annast eftirlit á landi, Siglingastofnun Íslands annast eftirlit um borð í skipum og með flutningagámum og Flugmálastjórn annast eftirlit um borð í flugvélum.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 3. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, ásamt síðari breytingum, 1. gr. laga nr. 51/1993 um breytingu á lögum nr. 52/1988 um eiturefni og hættuleg efni og að höfðu samráði við samgönguráðuneytið hvað varðar þátt Siglingastofnunar Íslands og Flugmálastjórnar.

Reglugerðin öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 167/1996 um breytingu á reglugerð nr. 533/1993 um kæli- og varmadælukerfi með ósoneyðandi kælimiðlum.

Umhverfissráðuneytinu, 16. júní 1997.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.